

Athugasemdir við þingsályktunartillögu, þingskjal 80 – 80.mál

Heyrnar og talmeinaastöð sinnir heyrnarskertum og þeim sem eru með talmein. Lengst af starfaði aðeins einn talmeinafræðingur hjá stofnuninni en á þessu hefur orðið mikil breyting. Þrjú talmeinafræðingar í 2,5 stöðugildi starfa nú hjá stofnuninni. Þá eru einnig tveir kandidatar í talmeinafræðum í tveimur stöðugildum starfandi hjá stofnuninni, þannig að stöðugildi eru alls 4,5.

Talþjálfun hjá Heyrnar- og talmeinaastöðinni einskorðaðist lengi vel við heyrnarskerta en breyting hefur orðið þar á. Forgangshópar eru skilgreindir en þeir eru, heyrnarskertir, börn með skarð í vör og/eða góm, börnum sem vísað er af heilsugæslunni eftir 2,5 ára skoðun og börn af landsbyggðinni þar sem ekki er starfandi talmeinafræðingur.

Mikil aukning hefur orðið í beiðnum vegna greiningar og þjálfunar talmeina á undanförunum árum eða yfir 100%. Með fjölgun talmeinafræðinga hefur verið hægt að bregðast við aukinni þörf og hafa börn sem ekki tilheyra fyrrgreindum hópum einnig geta komið bæði í greiningu og þjálfun. Þá er einnig veitt ráðgjöf til heimila og leikskóla eftir þörfum. Á tímabilinu september til október 2012 hafa 65 börn komið í greiningu og 305 tímar hafa verið veittir í talþjálfun.

Upplýsingar um þau börn sem leita til Heyrnar- og talmeinaastöðvarinnar eru fyrirliggjandi og stendur ekki á Heyrnar- og talmeinaastöðinni að sjá um að halda utan um upplýsingar um tal og málmein barna. Semja þarf við talmeinafræðinga sem starfa hjá öðrum stofnunum eða sjálfstætt um að skila inn þessum upplýsingum til stofnunarinnar. Það var reynt fyrir nokkrum árum en ekki náðist samkomulag um það. Tímabært er að gera aðra atlögu að þessu og sjá hvort hægt er að ná samkomulagi um þessar upplýsingaöflun. Upplýsingar liggja að einhverju leiti einni hjá Sjúkratryggingum en þær eru ekki flokkaðar eftir tilefni greiningar eða þjálfunar.

Haustið 2010 hófst meistaranám í talmeinafræðum við Háskóla Íslands. 15 nemar voru teknir inn það haust og hafa átta þegar útskrifast og þrjú – fjórir munu útskrifast á næsta ári. Allt að 10 - 12 talmeinafræðingar fá því væntanlega starfsleyfi á árinu 2013. Nýliðun í hópi talmeinafræðinga hefur verið áhyggjuefni en með námið í talmeinafræðum mun væntanlega breyta því. Á næstu tveimur árum má þannig gera ráð fyrir að allt að 20 talmeinafræðingar sæki um starfsleyfi. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög séu tilbúin að taka á móti talmeinafræðingunum með fjölgun stöðugilda.

Námið í Háskólanum hefur ekki eingöngu áhrif á fjölda talmeinafræðinga heldur gefur það tækifæri til aukinna rannsókna. Þannig er nú unnið að því að staðla Málþroskapróf Heyrnar- og talmeinaastöðvarinnar sem er ætlað börnum á aldrinum 2,5 til 4 ára. Forprófanir voru gerðar á Heyrnar- og talmeinaastöð en Námsmatstofnun hefur nú tekið við verkefninu ásamt þremur meistaranemum sem vinna að því að staðla prófið sem síðan verður gefið út. Skortur hefur verið á íslenskum mælitækjum á málþroska barna en með rannsóknum nema í talmeinafræðum er það að breytast.

Heyrnar- og talmeinaastöðin er með samning við Háskóla Íslands um kennsluskyldu. Samningurinn gerir ráð fyrir því að sérfræðingar Heyrnar- og talmeinaastöðvarinnar sjái um kennslu sem nemur allt að 30%

stöðugildi ásamt því að hafa umsjón með starfsnámi nema. Þá sér stofnunin einnig um verkefnastjórnun fyrir námsbrautina.

Í skýrslu sem unnin var á vegum Menntamálaráðuneytisins um málproskaröskun kom fram vilji bæði foreldra og sérfræðinga um að þjónusta við börn færi fram í nær umhverfi þeirra. Mikilvægt er að sveitarfélög ráði til sín talmeinafræðinga bæði í skóla og þjónustumiðstöðvar. Viðræður um þessi málefni hafa staðið yfir í nokkurn tíma á milli sveitarfélaga og ríkisins og vonandi að niðurstaða fáist sem fyrst.

Heyrnar- og talmeinaföðin er reiðubúin til að sinna skyldum sínum um söfnum upplýsinga. Mikil þekking og mannauður er hjá stofnunni og gæti hún tekið að sér ráðgefandi hlutverk við aðrar stofnanir. Fræðslunámskeið á vegum Heyrnar- og talmeinaföðvar eru haldin reglulega fyrir fagfólk bæði í heilsugæslunni og á leikskólum.